



# Starfsáætlun Vopnafjarðarskóla

## 2023 - 2024



## Efnisyfirlit

Um Vopnafjarðarskóla .....	4
Skólahverfi og skipulag .....	4
Skólanámskrá .....	5
Skóladagatal .....	5
Skólabyrjun/skólalok .....	6
Leyfis dagar .....	6
Samræmd próf og aðrir námsmats dagar .....	6
Haustferðir .....	6
Öskudagur .....	6
Vordagar .....	6
Starfs dagar kennara .....	7
Hópfundir .....	7
Foreldraviðtöl .....	7
Skertir dagar .....	7
Tvöfaldir dagar .....	7
Vettvangsferðir .....	7
Umhverfis dagurinn .....	7
Opnir dagar .....	7
Aðrir viðburðir .....	8
Stoðþjónusta .....	8
Þjónusta sérfræðinga .....	9
Móttaka 6 ára nemenda .....	9
Móttaka nýrra nemenda .....	9
Móttökuáætlun nemenda með sérþarfir .....	10
Sérkennsla .....	10
Stuðningsfulltrúar .....	10
Náms- og starfsráðgjöf .....	11
Þjónusta iðjubjálfa .....	11
Talkennsla .....	11
Einstaklingsáætlun .....	11
Áföll .....	11
Skólaheilsugæsla .....	11
Nemendaverndarráð .....	12
Starfstími nemenda .....	13
Stundaskrá .....	13
Útfærsla kennslutímans .....	13
Frímínútur .....	13
Námsgreinar .....	13
Fjölbreyttir kennsluhættir .....	14

Fjölmenningarlegir kennsluhættir.....	14
Námsmat .....	14
Vitnisburður.....	15
Próf og skimanir .....	15
Greiningar.....	16
Skólareglur.....	16
Vinnureglur og viðurlög við brotum á skólareglum .....	17
Nesti, hádegismatur .....	19
Íþróttir .....	19
Frístund .....	20
Reglur í skólabílum .....	20
Ástundun .....	20
Forföll nemenda .....	20
Bekkarreglur .....	20
Félagsstarf nemenda .....	20
Nemendaráð.....	20
Skemmtanir .....	20
Ýmsar áætlanir/forvarnir.....	21
Eineltisáætlun.....	21
Viðbrögð við einelti .....	21
Viðbrögð við óveðri .....	22
Mannréttindi .....	22
Eldvarnar- og rýmingaráætlun .....	22
Viðbragðsáætlun almannavarna .....	22
Viðbragðsáætlun vegna sjúkdóma .....	23
Slys og veikindi .....	23
Starfsfólk skólans 2020 - 2021 .....	23
Nöfn.....	23
Trúnaðarmenn.....	24
Verksvið starfsmanna.....	24
Starfspróunaráætlun .....	24
Móttaka nýrra starfsmanna .....	24
Starfsmannastefna .....	25
Skólastjórn.....	25
Skólaráð Vopnafjarðarskóla .....	25
Stefna skólans.....	26
Sýn .....	26
Einkunnarorð .....	26
Skóli án aðgreiningar .....	26

Samstarfsaðilar.....	26
Skólaþróun .....	27
Umhverfisstefna .....	27
Heilsueflandi skóli .....	27
Einstaklings og hópamiðað nám.....	28
Sjálfsmatsáætlun .....	28
Viðburðir og hefðir .....	28
Bekkjarkvöld .....	28
Söngstund.....	28
Litlu jólin .....	29
Þorrablót.....	29
Árshátíð .....	29
Ferðalög.....	29
Vordagar og Unicef dagur .....	30
Ólympíuhlaup ÍSÍ .....	30
Hagnýtar upplýsingar um skólalald .....	30
Morgunopnun og gæsla .....	30
Forföll nemenda .....	30
Breytingar á högum nemenda.....	31
Forfallakennsla .....	31
Mötuneyti.....	31
Bókasafn .....	31
Tölvubúnaður .....	31
Sundkennsla .....	31
Íþróttakennsla .....	32
Mentor og tölvusamskipti .....	32
Skólaakstur .....	32
Óskilamunir .....	32
Kennslubækur.....	32
Óveður og ófærð .....	32
Endurgreiðsla vegna slysa og tjóna er nemendur verða fyrir á skólatíma.....	33
Samstarf við foreldra .....	33
Foreldrafélag .....	33
Samstarf heimilis og skóla .....	33
Heimanám .....	34

## Um Vopnafjarðarskóla

Farkennsla í Vopnafjarðarkauptúni hófst veturinn 1894 og í skólahéraðinu 1896. Föst kennsla hófst í húsinu Bergi og í Miklagarði 1898 - 1899. Árið 1906 var Barnaskólinn tekinn í notkun. Árið 1949 hófst kennsla í heimavistarskólanum á Torfastöðum en fram að 1947 hafði verið farkennsla í sveitinni. Vopnafjarðarskóli, nýr skóli, að Lónabraut 12, var síðan tekinn í notkun 1967. Þessar byggingar segja okkur hversu stórt framfaraspur í okkar skólamálum þær hafa verið á sínum tíma. Kennsla á Torfastöðum var lögð af 1986 en síðustu árin sem heimavist var þar var nemendum keyrt út í Vopnafjarðarskóla. Heimanakstur hefur því verið í gangi síðan 1986. Stórt skref var stigið þegar íþróttahúsið var tekið í notkun 1988. Sigvaldi Thordarson arkitekt teiknaði Vopnafjarðarskóla, Sigvaldi lést 1964 og þá tók Geirharður Þorsteinsson við af honum. Geirharður var einnig arkitekt íþróttahússins.

Þegar Vopnafjarðarskóli var tekinn í notkun 1967 var af mörgum talið að byggingin væri of stór enda mikil stækkun frá litla Barnaskólanum. Ekki leið þó á löngu þar til þörf var á breytingu á henni til að fá betri nýtingu þar sem meiri kröfur voru gerðar til skólahalds. Síðan hafa margar breytingar verið gerðar til að mæta breyttum áherslum. Á 8. áratugnum var farið að tala um stækkun skólans og skólanefndir ályktuðu í þá veru enda var skólinn starfræktur á tveimur til þremur stöðum, tveimur elstu bekkjum kennt í félagsheimilinu Miklagarði í nokkur ár og heimilisfræði ávallt kennd þar. Árið 1992 var hluti hússins Austurborgar keyptur og leigð stofa þar 1994 til að einsetja skólann við erfiðar aðstæður. Það var síðan í júníbyrjun 1998 að börn fædd 1994 tóku fyrstu skóflustunguna að nýbyggingu skólans og stefnt að því taka hana í notkun haustið 2000 þegar þau hæfu sína skólagöngu. Áætlanin gekk eftir og börnin hófu sitt nám í nýbyggingunni í upphafi skólaársins 2000 - 2001. Arkitekt að nýbyggingunni er Þorsteinn Geirharðsson sonur Geirharðs Þorsteinssonar.

### Skólahverfi og skipulag

Skólahverfið er Vopnafjarðarhreppur, þorpið, þar sem skólinn er, og dreifbýlið. Allir nemendur sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu fá inngöngu í skólann. Þá gilda sérstakar reglur um skólavist nemenda utan sveitarfélagsins.

Nemendur við upphaf skólaárs eru 73, 55 nemendur úr þorpinu, 18 nemendur úr sveitinni. Skólaakstur er fyrir nemendur í sveitinni og sinna fjórir skólabílar skólaakstri, fjórar akstursleiðir sem skiptast með eftirfarandi hætti.

Fjallasíðan, ytri leið í Hofsárdal, 5 nemendur: Öxl, Refsstaður og Háteigur.

Hofsárdalsleið innri, 6 nemendur: Einarsstaðir, Síreksstaðir og Hof.

Vesturárdalsleið, 2 nemendur: Torfastaðir og Ytri-Hlíð.

Ströndin, 5 nemendur: Hámundarstaðir og Strandhöfn.

Heimanakstur er að morgni, mislangur eftir fjarlægð frá skóla og heimkeyrsla kl. 15:00 nema mánudaga kl. 14:20. Þá er heimkeyrsla vegna félagsstarfa á vegum skólans, félagsmiðstöðvar og frjálsra félagasamtaka eftir ákveðnum reglum.

Nemendur í Vopnafjarðarskóla eru frá 6 ára til 16 ára aldurs í 10 bekkjardeildum. Í skólanum er 73 nemendur sem skiptist með þessum hætti eftir bekkjum:

Í 1. bekk eru 13 nemendur, 2. bekk eru 5 nemendur, 3. bekk 1 nemandi, 4. bekk eru 9 nemendur, 5. bekk eru 8 nemendur, 6. bekk eru 9 nemendur, 7. bekk eru 12 nemendur, 8. bekk eru 4 nemendur, 9. bekk eru 6 nemendur og í 10. bekk eru 6 nemendur.

Kennslustundafjöldi í viku hverri er sem hér segir: 1 - 4. bekkur: 30 kennslustundir, 5. - 7. bekkur: 35 kennslustundir, 8. - 10. bekkur: 37 kennslustundir, þar af eru 6 valtimar í 8. - 10. bekk.

Samkennsla er einhver í öllum árgöngum.

Samkennslan er sem hér greinir:

2. - 5. bekkur er í teymiskennslu og er bekkjunum kennt saman að hluta og síðan skipt eftir þörfum. Tveir kennarar eru með hópinn og þeir skipuleggja samkennsluna.

6. og 7. bekk eru í samkennslu og tveir kennarar og hópnur skipt eftir þörfum.

8. - 10. bekkur eru í samkennslu að stærstum hluta og tveir kennarar.

Sundkennsla er haust og vor í Selárlaug í 12 km. fjarlægð og er hún þannig skipulögð að kennt er miðað við íþróttatíma og fara um 30 mínútur í ferð til og frá Sundlaug auk kennslustundar. Reynt er að fella þetta að íþróttatímum en nemendur missa eitthvað úr öðrum tímum í skólanum.

Kennsla í skólanum hefst kl. 8:30. Á mánudögum og föstudögum er kennslu lokið kl. 14:10, og kl. 15:00 á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum.

Eldri bekkir, 6. - 10. bekkur, ganga inn um aðalinngang. Aðrir nemendur ganga inn á neðstu hæðinni. Nemendur frá 6. - 10. bekk eru með heimastofur á efstu hæð en 1. - 5. bekkur á neðstu hæð. Skiptistofa er fyrir nemendur á neðstu hæð og önnur á efstu hæð.

Skólahúsnæðið er opnað fyrir alla kl. 8:15.

Skólinn opnar fyrir þá sem eru í Frístund kl. 7:50.

Skólanum er lokað kl. 15:30.

## Skólanámskrá

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og tekur mið af sérstöðu hvers skóla. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á. Þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá. Ný aðalnámskrá grunnskóla tók gildi árið 2011 þar sem kjarni menntastefnunnar byggir á sex grunnþáttum. Þeir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms og skapa samfellu. Skólanámskrá Vopnafjarðarskóla hefur verið endurunnin til samræmis við nýja aðalnámskrá og menntastefnu.

Kennarar Vopnafjarðarskóla fylgja markmiðum aðalnámskrár eins og kostur er með því að flétta saman inntaki námsins og fjölbreyttum kennsluaðferðum sem taka mið af ólíkum einstaklingum.

## Skóladagatal

Skóladagatal fyrir skólaárið 2023 - 2024 er að finna á heimasíðu skólans. Það sýnir þá daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, hvaða daga er vikið frá hefðbundnum skóladegi og

hvaða daga nemendur eiga frí. Skóladagar eru 180 og þar af er miðað við allt að 10 daga með skertri/sveigjanlegri kennslu, það er að segja nemendur eru ekki fullan skóladag.

## Skólabyrjun/skólalok

Skólaárið hefst á skólasetningardegi 22. ágúst 2023 og því lýkur á skólaslitadegi þann 31. maí 2024.

## Leyfis dagar

Jólaleyfi er frá og með 21. desember til og með 2. janúar. Starfsdagur 3. janúar og kennsla hefst 4. janúar.

Páskaleyfi er frá og með 25. mars til og með 1. apríl. Kennsla hefst 2. apríl.

Vetrarfrí á haustönn er fimmtudag og föstudag 26. og 27. október og á vorönn, fimmtudag og föstudag 15. og 16. febrúar.

## Samræmd próf og aðrir námsmatsdagar

Menntamálaráðuneyti hefur ákveðið að samræmd könnunarpróf verði ekki lögð fyrir skólaárið 2023-2024 á meðan endurskoðun á sér stað á prófunum.

Matsdagar eru eftir hvora önn í janúar og maí. Þá er tekið saman námsmatið sem átt hefur sér stað á önninni. Mismunandi er eftir aldri nemenda og námsgreinum hvernig námsmatinu er annars háttað og miðað við að það sé fellt inn í stundaskrá.

## Haustferðir

Skólinn er heilsueflandi skóli og leggur ríka áherslu á hreyfingu og heilbrigðan lífstíl nemenda. Að hausti er farið í berjaferð og haustferðir farnar með ákveðið markmið í huga. Það er að nemendur upplifi og kynnist betur nánasta umhverfi sínu og fái hreyfingu með því að fara í göngu- og skoðunarferðir á hæðir og fjöll.

## Öskudagur

Öskudagur er skóladagur þar sem nemendur mæta að morgni klæddir í öskudagsbúninga. Farið er í íþróttahúsið, köttur sleginn úr tunnunni. Þá kynna allir nemendur og starfsfólk þá persónu sem þeir eru. Síðan fara allir nemendur í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir, syngja söngva og fá nammi eða eitthvað slíkt fyrir. Til að forðast að einhverjir verði útundan og hafi enga til að fara með og skemmta sér á þessum einstaka degi er nemendum skipt í hópa. Þá fara yngstu nemendur í fylgd elstu nemenda og kennara

## Vordagar

Vordagar eru tveir síðustu dagar nemenda í skólanum. Fyrri dagurinn er UNICEF dagur þar sem safnað er áheitum hjá foreldrum og öðrum fyrir hreyfingu hjá nemendum, hjólað eða hlaupin ákveðin vegalengd og farið í ýmsa hreyfileiki á skóla vellinum og grillað í lok skóladagsins. Seinni daginn er farið í vorferðir innansveitar og sjá umsjónarkennarar um skipulagningu á því.

## Starfsdagar kennara

Starfsdagar við upphaf skólaárs eru 15. - 21. ágúst og 3. - 5. júní, við lok skólaárs. Starfsdagar á skólaárinu eru 15. september, 3. Janúar, 19. febrúar og 10. maí

## Hópfundir

Hópfundir með foreldrum eru í september. Á þessum fundum kynna kennarar fyrir foreldrum starfsáætlun vetrarins, fyrirkomulag námsins, kosnir eru bekkjarfulltrúar og fleiri málefni rædd. Fundirnir eru kjörinn vettvangur fyrir foreldra til að ræða saman um ýmis málefni barna sinna s.s. samskipti, útivistartíma, o.fl.

## Foreldraviðtöl

Í upphafi skólaárs eru foreldrar í 1. bekk ásamt nemendum boðaðir til viðtals. Viðtalsdagur er 16. október þar sem umsjónarkennari boðar foreldra og nemendur í viðtal. 26. janúar er foreldradagur þar sem nemendur mæta til viðtals ásamt foreldrum, þeir fá munnlegan vitnisburð ásamt því að hann birtist á mentor.

## Skertir dagar

Skertir dagar á skóladagatali eru fimm. Skólasetning 22. ágúst, viðtalsdagur 16. október, litlu jólin 20. desember, foreldradagur 26. janúar og skólaslit 31. maí.

## Tvöfaldir dagar

Vegna lengri viðveru nemenda eru tvöfaldir dagar, þorrablótsdagur 1. febrúar, opinn dagur 10. nóvember og árshátíðardagurinn 15. mars.

## Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru farnar í tengslum við nám. Nemendur á miðstigi fara í vettvangsferð að hausti í Minjasafnið á Bustarfelli. Þá er stundum farið í vettvangsferðir í tengslum við opna daga skólans.

## Umhverfisdagurinn

Árlegur umhverfisdagur er 16. september og er hann tileinkaður umhverfinu með mismunandi hætti t.d. með því að skoða náttúruperlur og huga að vernd náttúrunnar.

## Opnir dagar

Opnir dagar eru 9. og 10. nóvember. Á þessum dögum eru námsgreinar samþættar, skólastarfið brotið upp og unnið eftir ákveðnu þema, einu eða fleirum eftir aldri nemenda. Verkefnið hverju sinni er ákveðið í upphafi skólaárs.



## Aðrir viðburðir

Sérstakir dagar eru dagar íslenskrar tungu og baráttudagur gegn einelti. Þá gerum við eitthvað í tilefni þessara daga.

Áhersla er lögð á að nýta tækifæri til styttri ferða sem rúmast innan skóladagsins og með sem minnstum tilkostnaði t.d. ferðir sem auðvelt er að fara gangandi með hóp af börnum. Skólinn er vel í sveit settur vegna þess hve stutt er að fara til að geta notið samfélagsins og fjölbreyttrar náttúru.

## Stoðþjónusta

Stefna Vopnafjarðarskóla er að leggja áherslu á gott fyrirbyggjandi starf og einn liður í því eru ýmiss konar próf, skimanir og athuganir sem lagðar eru fyrir heila árganga. Einnig er leitast við að hafa áhrif á framboð og fjölbreytni verkefna inni í bekk fyrir nemendur með sérþarfir. Samkvæmt grunnskólalögum eiga allir nemendur rétt á kennslu við hæfi. Skólinn vill laga starf sitt að þroska og getu allra nemenda sinna þannig að hver nemandi fái kennslu við hæfi. Því er skólastarfið skipulagt út frá þörfum allra nemenda og reynt að skapa námsumhverfi sem hæfir hverjum og einum.

Til að framfylgja þessari stefnu betur en mögulegt er í bekkjarkennslu er gefinn kostur á sér- og stuðningskennslu. Stuðningsaðili og/eða sérkennari fer inn í bekk til nemandans og tekur nemandanum úr kennslustund, svo fremi að það þjóni nemandanum best. Sérkennsla getur verið til lengri og skemmri tíma allt eftir þörfum hvers og eins. Sérkennsla er miðuð við einstakling en ekki heildina og á það jafnt við um kennsluaðferðir sem notkun námsefnis Vopnafjarðarskóla hefur gert skimunaráætlun, þ.e. greiningu allra nemenda.

Við greiningu einstakra nemenda er tekið mið af útkomu þessara skimana.

Skólabyrjun - 1. bekkur.

Lögð er áhersla á fyrirbyggjandi starf einkum við upphaf skólagöngu:

- Upplýsingar frá leikskóla, Hljóm - 2
- upplýsingar hjúkrunarfræðings
- hreyfiathugun íþróttakennara
- Læsi 1 - lesskimunarpróf
- Leið til læsis - lesskimunarpróf, orðalistar fyrir 1. bekk.

Umsjónarkennarar og sérkennari vinna sameiginlega úr þessum upplýsingum og leggja línurnar fyrir framhaldið og skipuleggja stuðning þar sem þess er þörf. Nánari greining er gerð af sálfræðingi, sérkennara, talmeinafræðingi og/ eða hjúkrunarfræðingi ef ástæða þykir til.

Í 2. til 8. bekk eru kannanir lagðar fyrir heila bekki í samráði við umsjónarkennara, lesið úr niðurstöðum og unnið með þær:

- Lesskilnings og hraðlestrarpróf
- Læsi – lesskimunarpróf

- Leið til læsis – lesskimunarpróf
- Talnalykill - greinandi stærðfræðipróf.

Ef þörf er á nánari greiningu er hún gerð í samráði við foreldra og umsjónarkennara og er þá meðal annars stuðst við eftirfarandi greiningargögn:

- LOGOS - greiningarpróf á Dyslexíu og öðrum lestrarerfiðleikum
- Talnalykil - einstaklingshluta prófsins.

Einnig er foreldrum vísað til annarra sérfræðinga með börn sín í þeim tilvikum sem það á við en það ferli hefst yfirleitt hjá skólasálfræðingi Skólaskrifstofu Austurlands.

## Þjónusta sérfræðinga

Þjónusta sérfræðinga við Vopnafjarðarskóla er á vegum Skólaskrifstofu Múlaþings, Félagsþjónustu Fljótaldalshéraðs og Heilbrigðisþjónustu Austurlands. Auk þess eru starfandi iðjuþjálfari og námsráðgjafi við skólann. Sérfræðingar stofnananna eru sálfræðingar, kennsluráðgjafar, talmeinafræðingur, félagsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur o.fl. Heimsóknir og aðstoð sérfræðinga miðast við þarfir skólans. Foreldrar og forráðamenn eru eindregið hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara eða skólastjórnendur ef þeir telja þörf á þjónustu ofangreindra aðila.

## Móttaka 6 ára nemenda

Nemendur sem eru að hefja nám í 1. bekk mæta á skólasetningu ásamt foreldrum. Við upphaf skólabyrjunar eru nemendur boðaðir í viðtal til umsjónarkennara ásamt foreldrum þar sem barnið og hagir þess eru í brennidepli. Í annarri viku september er foreldrum boðið á kynningarfund þar sem farið yfir mikilvæg atriði sem hafa áhrif á skólabyrjun barnsins. Umsjónarkennari kynnir skólastarfið, kosnir eru bekkjarfulltrúar og foreldrum gefst tækifæri til að kynnast og skipuleggja frekara samstarf.

## Móttaka nýrra nemenda

Í Vopnafjarðarskóla er lögð áhersla á að taka vel á móti nýjum nemendum. Mikilvægt er að nemandinn og foreldrar hans fái strax í upphafi jákvæða mynd af skólanum og að foreldrum og nemendum finnist þeir velkomnir í skólann. Þegar nýr nemandi er skráður í skólann er honum og foreldrum hans boðið að koma í heimsókn í skólann. Stjórnendur taka á móti þeim og kynna skólastarfið og sýna þeim húsnæðið. Umsjónarkennarar eru beðnir um að hafa samband við heimili nýrra nemenda þegar ein til tvær vikur eru liðnar af skólatímanum. Þá gefst tækifæri til að ræða líðan nemandans og upplifun hans og foreldra af skólanum.

### Að taka við nemanda á miðjum vetri

Nemandi mætir fyrst utan skólatíma ásamt foreldrum sínum og hittir væntanlegan umsjónarkennara. Þegar nemandi byrjar í skólanum á miðjum vetri þarf að huga að nokkrum atriðum. Umsjónarkennari þarf að:

- Afla upplýsinga frá foreldrum um nemandann almennt, námsgengi (m.a. athuganir og greiningar) félagslega stöðu, skólagöngu hingað til, heilsufar, trúarbrögð, tengsl við aðra nemendur í skólanum o.s.frv. Ef eitthvað er athugavert við heilsu nemandans skal

umsjónarkennari benda foreldrum á að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing. Umsjónarkennari fylgist með því að þær upplýsingar komist til skila.

- Gefa foreldrum kost á að koma í skólann ásamt nemandanum til að hitta sig og skoða skólahúsnæði.
- Afhenda foreldrum og nemanda stundatöflu og benda þeim á frekari upplýsingar er að finna (t.d. á heimasíðu skólans og mentor.is).
- Gera foreldrum grein fyrir skólastefnu og vinnuvenjum í skólanum.
- Veita upplýsingar um almenn atriði eins og viðtalstíma, nestismál, klæðnað í íþróttum, tilkynningar um forföll, beiðnir um leyfi o.s.frv.
- Fara yfir skólareglur með foreldrum og nemanda.
- Nemandi í 8. - 10. bekk velur 3 valgreinar.
- Segja bekkjarfélögum frá komu nýs nemanda og virkja þá til að leiðbeina honum og auðvelda aðlögun í skólanum.
- Sjá um í samráði við húsvörð að húsgögn séu til staðar fyrir nemandann.

### Móttökuáætlun nemenda með sérþarfir

Móttaka nemenda með sérþarfir er með þeim hætti að um leið og nemandinn er skráður í skólann fer af stað ákveðið ferli sem unnið er í samráði við foreldra, leikskóla/skóla og greiningaraðila. Þeir sem koma að málinu mynda teymi og setja upp starfsáætlun sem unnið er eftir.

### Sérkennsla

Sérkennari sér um skipulag sérkennslu ásamt skólastjórnendum. Sérkennari sér um kennsluna og faglega stjórnun. Einnig sér sérkennari ásamt skólastjórnendum um samráð við skólaskrifstofu, foreldra og umsjónarkennara.

Kennsla nemenda með sérþarfir er í höndum sérkennara auk nokkurra kennara skólans. Mikilvægt er að í skólastarfi sé beitt fjölbreytilegum kennsluaðferðum og að við val þeirra sé tekið tillit til þeirra markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni, eðlis viðfangsefnis og námsumhverfis. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja heppilegustu leiðirnar til að ná markmiðunum. Hver nemandi á rétt á að fá kennslu sem miðast við eigin forsendur og þarfir.

### Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúi er kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði þessara nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Starfið tekur mið af þar til gerðri áætlun sem hefur það að markmiði að draga smám saman úr þörf nemanda fyrir stuðning í þeim tilvikum þar sem það er hægt.

Í Vopnafjarðarskóla vinna stuðningsfulltrúar eftir áætlun umsjónarkennara sem er skipulögð í samráði við sérkennslustjóra. Dagleg verkstjórn heyrir undir skólastjórnendum.

## Náms- og starfsráðgjöf

Námsráðgjafi, Ásta Hanna Gunnsteinsdóttir er í hlutastarfi við skólann og starfar að öðru leyti sem kennari. Hún sér um námsráðsgjöf fyrir nemendur sem útskrifast að vori auk þess að vera öðrum nemendum til aðstoðar, viðtals og stuðnings. Námsráðgjafi veitir nemendum fræðslu um nám og störf, persónulega ráðgjöf og stuðning, ráðleggur um vinnubrögð og námstækni og sér um hópráðgjöf og fræðslu.

## Þjónusta iðjubjálfa

Iðjubjálfi, Hafdís Bára Óskarsdóttir, er í hlutastarfi við skólann. Starf iðjubjálfs er fólgið í viðtölum og meðferð nemenda með sérþarfir og þeirra sem eiga við ýmiskonar vanda að stríða.

## Talkennsla

Talmeinafræðingur frá Skólaskrifstofu Múlaþings annast greiningu og meðferð þeirra nemenda sem eiga við mál- og talörðugleika að stríða og veitir ráðgjöf og fræðslu þar að lútandi. Síðan fá nemendur með þessa örðugleika mögulega kennslu í gegnum Tröppu. Talmeinafræðingar hjá Tröppu kenna í gegnum fjarfundabúnað.

## Einstaklingsáætlun

Þeir nemendur sem sýna mikil frávik í getu og þroska fá einstaklingsnámskrá. Hvert tilvik þarf að meta í samræði við foreldra með tilliti til heildaraðstæðna nemandans. Myndað er teymi foreldra, kennara og greiningaraðila um nemandann. Þessir aðilar starfa náið saman og funda reglulega. Reynt er að hafa eldri nemendur með við gerð áætlana svo höfða megi til ábyrgðar þeirra og samvinnu. Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann einnig er óskað sérstaklega eftir þátttöku þeirra í ákveðnum verkefnum.

## Áföll

Ef áföll koma upp sem tengjast nemendum skólans eða aðstandendum þeirra er áriðandi að það sé tilkynnt skólastjórnendum eins fljótt og auðið er. Skólastjórnendur ákveða frekari viðbrögð eftir eðli málsins og kalla til eftirtalda aðstoðarmenn eftir því sem þurfa þykir.

Skólahjúkrunarfræðingur, vinnusími 470-3070.

Læknir, vinnusími 470-3070, vakt sími 1700.

Sóknarprestur og sálfræðingur skólaskrifstofunnar.

Skólastjórnendur hafa samband við þessa aðila og kynna þeim málavexti eftir því sem við á.

## Skólaheilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur skólans er Steinunn Birna Aðalsteinsdóttir. Hún sinnir heilsugæslu í skólanum á vegum Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Viðtalstími í skólanum er alla þriðjudaga kl. 8:15 - 12:00

Sími: 470 3257. Utan þess tíma er hægt að ná í skólahjúkrunarfræðing í síma heilsugæslunnar 470 3070.

### **Markmið skólaheilsugæslu**

Skólaheilsugæslan er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmið hennar er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Starfsemi skólaheilsugæslunnar er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Í henni felast skoðanir, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans.

### **Heilbrigðis skoðun á nemendum**

1. bekkur: Mæling á sjón, heyrn, hæð og þyngd - viðtal.

4. bekkur: Mæling á sjón, hæð og þyngd - viðtal.

7. bekkur: Mæling á sjón, hæð, þyngd og litaskyni - viðtal.

Bólusetning gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum (ein stunga). Stúlkurnar verða einnig bólusettar gegn HPV veirunni (leghálskrabbamein), þá bólusetningu þarf að endurtaka tvisvar þann vetur.

9. bekkur: Mæling á sjón, heyrn, hæð og þyngd og viðtal. Bólusetning gegn mænusótt, barnaveiki, stífkrampa og kíghósta (ein sprauta). Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til. Afbakki forráðamenn bólusetningar fyrir börn sín þurfa þeir að tilkynna það skriflega til skólaheilsugæslunnar og slíkt ber að skrá í heilsufarsskrá barns.

### **Hollusta**

Börn sem eru að vaxa og þroskast þurfa öðrum fremur holla og góða fæðu. Á morgnana hafa þau að jafnaði ekki borðað mat í 12 - 14 klukkustundir og eru farin að ganga á orkuforða sinn. Því er nauðsynlegt að fá góðan morgunmat svo næg orka verði til að takast á við verkefni dagsins. Einnig eru nemendur hvattir til að hafa með sér hollt og gott nesti.

### **Fræðsla og heilsuefling**

Skólaheilsugæslan sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta. Byggt er á hugmyndafræðinni um 6-H heilsunnar sem er samstarfsverkefni skólaheilsugæslunnar og Lýðheilsustöðvar.

Áherslur fræðslunnar eru hollusta-hvíld-hreyfing-hreinlæti-hamingja-hugrekki og kynheilbrigði.

### **Nemendaverndarráð**

Hlutverk nemendaverndarráðs er að fjalla um sérúrræði fyrir nemendur. Það fjallar um einstök mál sem lúta að velferð nemenda. Í nemendaverndarráði sitja skólastjóri, (aðstoðarskólastjóri), námsráðgjafi, sérkennari og skólahjúkrunarfræðingur. Eftir aðstæðum eru kallaðir til námsráðgjafi, iðjuþjáfi og viðkomandi umsjónarkennari. Fundir nemendaverndarráðs eru annan hvern mánuð, annan þriðjudag í mánuðinum.

# Starfstími nemenda

## Stundaskrá

Vikulegur tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi er samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og viðmiðunarstundaskrá: 30 kennslustundir (1200 mín.) í 1. - 4. bekk; 35 stundir (1400 mín.) í 5. - 7. bekk og 37 stundir (1480 mín.) í 8. - 10. bekk.

Miðað er við að hver námsgrein fái ákveðinn lágmarkstíma á viku.

Skólinn hefst klukkan 8:30 og stendur til 13:30 hjá 1. - 4. bekk, til klukkan 14:10

hjá 5. - 7. bekk, og lengst til kl. 15:00 hjá 8. - 10. bekk.

Frímínútnahlé og matarhlé eru sem hér segir: Frímínútur kl. 9:50 - 10:00 og kl. 10:40 - 11:00.

Nestistími, sem er í 10 - 15 mínútur, er kl. 10:00 - 10:15 og matarhlé kl. 12:20 - 12:50.

Stundaskrá hvers bekkjar er að finna á [mentor.is](http://mentor.is)

## Útfærsla kennslutímans

Nánari útfærslu á kennslutíma nemenda má sjá með því að skoða skóladagatal og stundaskrár fyrir hvern árgang sem er aðgengilegt á heimasíðu skólans eða [mentor.is](http://mentor.is). Þess er gætt að námsgreinar og námssvið dreifist eðlilega og samkvæmt faglegum sjónarmiðum. Kennarar vinna samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. Í skólanámskrá eru hæfniviðmið hverrar námsgreinar tilgreind samkvæmt nýrri Aðalnámskrá við lok skólastiga í 4. og 7. bekk auk þess sem inntak, færni og mat eru skilgreind. Grunnþættir menntunar skulu birtast í öllu skólastarfi. Af 37 kennslustundum velja nemendur í 8. - 10. bekk 6 kennslustundir milli ákveðinna valgreina sem skólinn býður upp á en þar skipa list- og verkgreinar stóran sess.

## Frímínútur

Frímínútur eru kl. 9:50 - 10:00 og lengri frímínútur kl. 10:40 - 11:00. Þá mega nemendur í 8. - 10. bekk vera inni en aðrir eiga að vera utandyra og skólaliðar, kennarar og húsvörður sjá um gæslu. Gæsla á göngum og eftirlit með nemendum er í höndum þessara starfsmanna. Gæsla í sturtuklefum er í höndum starfsmanna íþróttahúss og íþróttakennara.

## Námsgreinar

Kennarar vinna samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. Markmið hverrar námsgreinar eru tilgreind miðað við aldur nemenda auk þess sem inntak, færni og mat eru skilgreind. Skólanámskráin sem endurspeglar áherslur og sérkenni skólans er unnin út frá markmiðum Aðalnámskrár. Kennarar útfæra sameiginlega bekkjarnámskrá fyrir hverja námsgrein og hvern árgang þar sem tilgreind er nánari útfærsla á markmiðum, viðfangsefni, kennsluháttum, námsefni og hvernig árangur er metinn. Bekkjarnámsskrár eru aðgengilegar á Mentor.

## Fjölbreyttir kennsluhættir

Fjölbreyttir kennsluhættir miða að því að styrkja og efla sjálfsmynd sérhvers nemanda og hvetja til virkrar þátttöku í öllu skólastarfi. Með fjölbreyttum kennsluháttum er reynt að koma til móts við þarfir mismunandi einstaklinga og auka líkur á að einstakir nemendur nái að efla styrkleika sína og virkja þá krafta sem í þeim búa. Áhersla er lögð á að nemendur séu virkir þátttakendur í leik og starfi og sýni frumkvæði við þekkingarleit. Einstaklingsnámskrár eru gerðar þegar við á, í samvinnu við foreldra og sérkennara. Í þeim tilgangi að leiða nemendur áfram til aukins þroska er einnig lögð áhersla á fjölbreytt námsumhverfi þar sem nemendur takast á við áskoranir í námi sínu í samvinnu við kennara og aðra nemendur.

Dæmi um fjölbreytta kennsluhætti eru:

- áhersla á verklegt nám innan námsgreina
- þverfagleg þemaverkefni í öllum árgöngum
- hópvinna innan bekkja og vettvangsferðir
- verkefni sem efla áhugahvöt nemenda
- að efla tjáningu og að nemendur læri að færa rök fyrir máli sínu
- að efla jákvæða sjálfsmynd, sjálfstæði og samkennd með nemendum.

## Fjölmennningarlegir kennsluhættir

Nemendur af erlendum uppruna fá kennslu í íslensku þar sem áhersla er lögð á að margbreytileiki sé góður, jákvæður og spennandi. Foreldrum þessara nemenda er bent á að til þess að börnin geti tileinkað sér íslensku og íslenska siði og venjur verði þau að standa vel að vígi í sínu eigin móðurmáli og menningu. Við lítum svo á að skólinn, kennarar og nemendur geti lært margt af þeim sem koma erlendis frá. Það eykur umburðarlyndi og vísýni að kynnast ólíkum menningarhópum og fólki af ólíkum litarhætti auk þess sem það hefur ákveðið forvarnargildi gegn einelti. Ýmis konar verkefni sem tengjast uppruna nemenda eru unnin á margvíslegan hátt auk þess sem sérstakir dagar geta verið uppspretta fjölmennningarlegrar umræðu, s.s. dagur Sameinuðu þjóðanna, evrópski tungumáladagurinn o.fl. dagar.

## Námsmat

Í Vopnafjarðarskóla er skólaárinu skipt upp í tvær önnir. Fyrri önnin er frá skólabyrjun í ágúst og fram í janúar. Seinni önnin er frá janúar og til skólaloka í júní. Á foreldradegi funda nemendur, forráðamenn og kennarar, þar sem farið er yfir önnina, líðan, markmið, væntingar og annarmat. Í viðtölum setja nemendur sér persónuleg markmið sem sett eru á oddinn næstu mánuði. Við skólaslit að vori er formlegur vitnisburður afhentur. Námsmatið byggist á fjölbreyttum aðferðum, könnunum og prófum, verkefnum o.fl. Lögð er áhersla á símat, þ.e.a.s. að stöðugt fari fram mat og endurgjöf til nemenda. Formlegu lokamati til nemenda og forráðamanna þeirra er skilað við skólalok í júní.

## Vitnisburður

Í 1. - 4. bekk er vitnisburður gefinn með umsögnum.

Framúrskarandi, hæfni náð, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Í 5. - 10. bekk er vitnisburður í bókstöfunum A, B+, B, C+, C og D.

Við útskrift úr 10. bekk er gefin ein lokaeinkunn og stuðst við hæfniviðmið.

## Próf og skimanir

Árlega á að leggja fyrir próf og skimanir í þeim tilgangi að fylgjast með því hvort nemendur taki eðlilegum framförum í læsi. Niðurstöður námsmats og skimana á ávallt að skoða með það að markmiði að meta hvort bregðast þurfi á einn eða annan hátt við ef færni nemenda í læsi er ábótavant, jafnt einstaklinga sem hópa.

Lista til að meta sjónrænan orðaforða, leshraðapróf (hljóðlestur og/eða raddlestur), orðskilnings- og lesskilningspróf á að leggja fyrir alla nemendur sbr. töflu hér fyrir neðan.

Nemendur sem víkja verulega frá viðmiðum skólans eiga strax að hausti að fá sérstaka lestraraðstoð sem er unnin í samvinnu við heimili. Reglulega er lesturinn metinn og frekari viðbrögð ákveðin.

Bregðast á við þegar nemendur sýna slaka færni miðað við meðaltal aldurshóps síns og/ eða viðmið skólans um árangur. Skipuleggja þarf og bjóða þeim nemendum sérstakan stuðning eða sérkennslu ýmist til lengri tíma eða tímabundið. Leita á eftir samvinnu við heimilin um þjálfun í færniþáttum læsis þar sem bestur árangur næst ef unnið er jafnhliða að þjálfuninni á heimili nemenda og í skólanum.

### Skimanir

Bekkur	Prófgögn
1. bekkur	Leið til læsis Læsi - lesskimun (MMS) Lesfimi -MMS
2. bekkur	Læsi - lesskimun (MMS) Lesmál Lesfimi - MMS
3. bekkur	LOGOS Lesfimi - MMS Talnalykill Orðarún
4. bekkur	Lesfimi - MMS Orðarún
5. bekkur	Hraðlestrarpróf/framsagnarpróf Orðarún
6. bekkur	LOGOS Lesfimi - MMS Talnalykill Orðarún
7. bekkur	Lesfimi - MMS Orðarún
8. bekkur	Hraðlestrarpróf/framsagnarpróf Orðarún



9. bekkur	LOGOS Lesfimi - MMS
10. bekkur	Lesfimi - MMS

## Greiningar

- Hljóðfærni, greiningartæki til að greina hljóðkerfisvanda.  
Lagt fyrir þá nemendur í 1. bekk sem, samkvæmt prófinu Leið til læsis, teljast vera í áhættuhópi vegna dyslexíu.
- LOGOS, greiningartæki fyrir lestrarörðugleika.  
Einstakir nemendur í 3. bekk eða síðar skimaðir ef grunur kemur upp um dyslexíu eða aðra sértæka lestrarörðugleika. Frekari greining er gerð ef þurfa þykir.
- TOLD - málþroskapróf.  
Einstaka nemendur sem grunur leikur á að séu með frávik í málþroska eru skimaðir með prófinu. Lagt fyrir af talmeinafræðingi. Ef grunur leikur á verulegu fráviki í málþroska á að vísa nemanda til frekari meðferðar hjá talmeinafræðingi.

## Skólareglur

Meingildi og einkunnarorð Vopnafjarðarskóla eru virðing, ábyrgð og vellíðan sem eiga að vera leiðarljós starfsins.

Skóli er sameiginlegur vinnustaður nemenda og starfsfólks. Kurteisi og tillitssemi í umgengni og samskiptum við alla nemendur og allt starfsfólk er mikilvægur þáttur í öllu góðu skólastarfi.

Stöðugt þarf að brýna fyrir nemendum að gæta fyllstu varúðar í umferðinni, fara eftir reglum og nota endurskinsmerki þegar haustar.

Áríðandi er að merkja allan fatnað nemenda. Foreldrar og nemendur eru hvattir til að spyrjast fyrir um týnda hluti hjá skólaliðum því alltof mikið safnast fyrir af óskilamunum á ári hverju. Nemendum eru kynntar reglur í byrjun hvers skólaárs og þeir hvattir til að fara eftir þeim.

Til að öllum líði vel og námsárangur verði góður gilda eftirfarandi reglur í Vopnafjarðarskóla. Námsárangur er vinna nemenda og til þess að sú vinna skili árangri ber sérhverjum nemanda að taka tillit til annarra og virða vinnufrið í kennslustundum. Nemendum ber að standa við þær námsáætlanir sem þeim hafa verið settar og mæta með öll gögn og áhöld sem til er ætlast. Nemendur mæta stundvíslega í skólann með þau gögn sem nota skal hvern dag vel undirbúin undir kennslustundir.

Forföll á að tilkynna af forráðamanni nemenda. Leyfi til lengri eða skemmri tíma er hægt að sækja um á heimasíðu skólans og á kennarastofu. Umsjónarkennari getur veitt leyfi í einn til tvo daga en leyfi skólastjórnenda þarf fyrir lengra leyfi en tveggja daga. Ávallt þarf að hafa samband við umsjónarkennara vegna skipulags náms meðan á leyfi stendur.

Leyfi í þrjá daga eða lengur þarf að sækja um skriflega til skólastjórnenda eða á heimasíðu skólans. Forráðamönnum ber að sjá til þess að nemandi vinni upp það sem hann missir úr námi.

Samskipti í Vopnafjarðarskóla skulu grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi við alla og nemendum ber að fara að fyrirmælum starfsfólks. Ganga skal vel um skólann jafnt innan sem utan dyra. Sýnum tillitssemi á göngum skólans og virðum vinnufrið annarra. Einnig ber að ganga vel um eigur skólans og öll gögn sem eru afhent.

Nemendur hafi með sér hollt og gott nesti og ekki er heimilt að hafa gos og sætindi í skólanum. Drekkum einungis vatn og mjólk í skólanum og borðum eingöngu í nestistíma nema með sérstöku leyfi.

Nemendur í 1. - 7. bekk fara út í löngu frímínútum en ekki út af skólalóð á skólatíma, aðrir biðja um leyfi kennara eða skólaliða þurfi þeir að fara eitthvað. Snjókast í frímínútum er óæskilegt vegna slyshættu. Nemendur eiga skilyrðislaust að hafa hjálm á höfði við notkun á reiðhjólum, vélknúnum ökutækjum, hlaupahjólum, línuskautum, hjólaskóm og hjólabrettum. Það er á ábyrgð nemenda og foreldra að nemendur noti öryggishjálma. Óheimilt er að vera á reiðhjólum eða vélknúnum ökutækjum á leiksvæði skólans.

Óæskilegt er að koma með peninga í skólann að þarflausu og eins að skilja verðmæti eftir í fötum á göngum eða í búningasklefum. Skólinn getur ekki tekið ábyrgð á persónulegum munum nemenda.

Nemendur ganga frá yfirhöfnum og útiskóm á viðeigandi stað og geymum skólatöskur á snögum. Mikilvægt er að fatnaður sé merktur með nafni og símanúmeri.

Notkun vímuefna er óheimil í skólanum, á skólalóðinni eða hvar sem nemendur eru á vegum skólans.

Notkun myndavéla, farsíma og annarra tækja er ekki heimiluð í skólanum.

Snjallúr skulu ávallt vera geymd í skólatösku á skólatíma. Þá ber skólinn enga ábyrgð á tækjum sem eru í eigu nemenda.

Umsjónarkennurum einstakra bekkja er frjálst að gera samning við nemendur um framkomu og annað í skólastofunni eins og umgengni og almenn samskipti. Slíkur samningur er þá að sjálfsögðu gerður í takt við þau viðmið, gildi og reglur sem eru í skólanum. Nemendur skulu stunda námið samviskusamlega, mæta vel og stundvíslega og sinna heimanámi vel.

Skólareglur Vopnafjarðarskóla gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans.

## **Vinnureglur og viðurlög við brotum á skólareglum**

Áhersla er lögð á einstaklingslega meðferð agabrota og mismunandi viðbrögð og viðurlög eftir eðli máls og mati á heildaraðstæðum nemenda hverju sinni.

Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skóla, starfsfólks eða skólafélaga sinna.

Mæti nemandi með hluti í skólann sem trufla kennslustund fær hann aðvörun. Mæti nemandi í skólann með hluti sem geta haft slyshættu í för með sér er viðkomandi tæki gert upptækt og aðeins foreldrar eða forráðamenn fá það afhent.

Gerist nemandi sekur um alvarlegt brot á skólareglum eða lögum almennt hvar sem er á vegum skólans er heimilt að senda viðkomandi heim á kostnað forráðamanna sinna. Endurtekin eða gróf brot á skólareglum geta valdið því að nemanda sé umsvifalaust vísað til skólastjóra sem tekur ákvörðun um framhald málsins. Hafa skal samband við foreldra eins fljótt og auðið er. Þá getur komið til greina að foreldrar sæki nemanda.

### **Ferill agabrota**

#### **Brot á skólareglum**

Viðkomandi starfsmaður áminnir nemanda. Umsjónarkennari er látinn vita, hann skráir brotið, talar við nemandann og tilkynnir það til foreldra.

#### **Endurtekin brot**

Umsjónarkennari (og þeir sem hann kallar til) fundar með nemanda og foreldrum hans. Gert er samkomulag um leiðir til úrbóta.

#### **Enn í sama farinu**

Málinu vísað til skólastjóra sem fundar með nemanda. Leiðir til úrbóta endurskoðaðar og ný áætlun gerð um framhald.

#### **Engin lausn í sjónmáli**

Skólastjóri tekur málið aftur til meðferðar og foreldrar kallaðir til viðtals ásamt nemanda. Áætlun skal gerð um aðgerðir og nemanda og foreldrum hans gerð grein fyrir þeim. Aðgerðir geta m.a. falist í vísun til sérfræðipjónustu, sérúrræðum innan skólans eða tímabundinni brottvísun.

#### **Ef allt um þrýtur**

Nemanda vísað úr skóla og málið sent til félagsmálayfirvalda.

Nemandi og foreldrum/forráðamönnum hans skal gefinn kostur á að tjá sig ef ítrekað er að hegðun nemandi fundið og alltaf við brotum á skólareglum. Foreldrum/forráðamönnum skal ætíð gerð grein fyrir brotum barna sinna á skólareglum og beitingu viðurlaga. Ávallt skal hafa samstarf við foreldra/forráðamenn nemandi um úrlausn máls.

#### **Brottvísun úr kennslustund vegna hegðunar**

Ef nemandi veldur verulegri truflun í kennslustund, sýnir samnemendum sínum eða kennara óvirðingu eða fer ekki eftir fyrirmælum kennara, er heimilt að vísa honum úr tíma.

Nemandi er fylgt úr kennslustund í námsver eða á kennarastofu og bíður eftir að umsjónarkennari tali við hann. Nemandi fær ekki að fara inn í kennslustundina aftur. Kennari sem vísaði nemandi úr tíma hringir í foreldra og lætur vita.

Ef nemandi neitar að fara úr kennslustund (sem getur komið fyrir) kemur skólastjórnandi til að fylgja nemandi út og fer með hann í námsver eða á kennarastofu.

Neiti nemandi enn að fara út úr kennslustund er hringt í foreldri/forráðamann sem sækir nemandann í skólann.

Ef nemandi er sendur heim úr skóla þá mætir hann ekki aftur þann skóladag. Daginn eftir mætir nemandi á fund kennara með foreldri/forráðamanni áður en hann fer í fyrstu kennslustund.

## Nesti, hádegismatur

Nemendum er boðið upp á ávexti og mjólk, ásamt áskrift í hádegismat.

Hádegismatur stendur öllum nemendum og starfsfólki til boða og tilkynna nemendur skriflega fyrir hver mánaðamót ef þeir ætla ekki að vera í mat næsta mánuð. Greiðsla fyrir matinn er innheimt mánaðarlega. Nemendur mega koma með nesti með sér til að borða í nestistímum eða í hádeginu.

Nemendur í 1. - 4. bekk fara í raðir eftir bekkjum, er skammtað og sitja við borð eftir bekkjum. Eldri nemendur setjast við sitt bekkjarborð og fara í röð eftir bekkjum við hlaðborð, aðeins einn bekkur í einu, skammta sér sjálfir. Eftir matinn ganga nemendur frá leirtaui og hreinsa af diskum.

Eldri nemendur skiptast á að þrifa borðin. Gengið er út frá því að framkoma sé í anda snyrtimennsku og almennra viðmiða þegar matast er.

Geti nemendur ekki tekið þátt í matartímum í þessum anda getur það kostað tímabundið bann í hádegismatnum.

## Íþróttir

Nemendur eiga að mæta með íþróttafatnað í íþróttatíma.

Ef þeir geta ekki mætt í tíma af einhverjum orsökum er það tilkynnt samdægurs til íþróttakennara eða umsjónarkennara.

Ef um lengri fjarveru er að ræða þarf að koma með læknisvottorð. Einnig er hægt að ræða við íþróttakennara ef ástæða þykir til.

Vilji nemandi ekki taka þátt í íþróttatíma sökum þess að honum líkar ekki viðfangsefnið getur það leitt til þess að vísa þarf nemanda úr tíma. Nemendur eru hvattir til að fara í sturtu eftir íþróttatíma og mæti með handklæði. Mætum öll jákvæð í íþróttatímana.

## Frístund

Frístund er fyrir nemendur í 1. - 4. bekkjar og boðið upp á frístund fyrir skóla frá 7.50-8.30 og eftir skóla frá 13.30-15.30.

Samskipti skulu grundvallast á gagnkvæmri virðingu og haft er að leiðarljósi að enginn sé skilinn útundan í leik. Að sjálfsögðu hlýða nemendur í frístund skólaliðum og öðru starfsfólki skólans. Frístundanemendur mega ekki fara út af skólalóðinni á gæslutíma nema í samráði foreldra/forráðamanna og skólaliða. Séu börn tekin úr frístund skal láta skólaliða vita.

Notkun hjóla, hlaupahjóla o.þ.h. er ekki heimil og snjókast er óæskilegt vegna slyshættu.

Brot á þessu geta kallað á viðurlög eftir eðli máls og aðstæðum hverju sinni.

## Reglur í skólabílum

Nemendum ber að sýna bílstjóra og öðrum nemendum virðingu. Góð samskipti eru mikilvæg eins og ávallt. Í skólabílum eiga allir að nota bílbelti og sitja kyrrir í sætum sínum. Hvers kyns hávaði og læti eru bönnuð í skólabílum.

## Ástundun

Áhersla er lögð á stundvísi nemenda og starfsfólks og góða nýtingu kennslustunda. Nemendur eru hvattir til að vinna vel í kennslustundum og gera ávallt sitt besta auk þess að sinna heimanámi af kostgæfni. Verði misbrestur á þessu er haft samband við foreldra varðandi úrbætur.

## Forföll nemenda

Foreldrar eru beðnir að láta ávallt vita um veikindi nemenda sem fyrst símleiðis eða skriflega á heimasíðu skólans og eins ef nemandi á að sleppa íþróttum eða útivist.

## Bekkjjarreglur

Nemendur hvers bekkjar geta gert með sér samning eða sáttmála sem er í samræmi við skólareglur og gilda yfirleitt um samskipti og umgengni innan bekkjarins. Þessir sáttmálar eru yfirleitt vel sýnilegir í kennslustofunum og hjálpa nemendum að lifa í sátt og samlyndi.

## Félagsstarf nemenda

Félagsstarf unglinga er reglulega á skólaárinu þó að einhverjar breytingar geti verið á starfseminni frá ári til árs. Verkefnisstjóri æskulýðsmála sér um félagsmiðstöðina Drekann. Félagstarf fyrir þá yngri er auglýst sérstaklega og er það í tengslum við skólastarfið. Þá er bekkjarskemmtun á vegum umsjónarkennara haldin einu sinni á hvorri önn. Heimkeyrsla er í sveitina í tengslum við félagsstörf.

## Nemendaráð

Þeir nemendur í 6. - 7. bekk sem vilja vinna að félagsmálum nemenda lýsa áhuga sínum á því og vinna undir stjórn verkefnastjóra æskulýðsmála Þórhildar Sigurðardóttur. Nemendur í 8. - 10. bekk velja starf í nemendaráði sem valgrein og auk beinnar vinnu með verkefnastjóra skila þeir skriflegum verkefnum sem verkefnastjóri metur. Verkefnastjóri velur síðan 2 - 3 nemendur sem skipa stjórn nemendaráðsins.

## Skemmtanir

Bekkjarskemmtanir eru haldnar einu sinni á önn. Þá bjóða nemendur foreldrum og forráðamönnum að sjá skemmtiatriði sem þeir hafa æft eða fara í leiki þar sem foreldrar taka þátt.

## Ýmsar áætlanir/forvarnir

Vopnafjarðarskóli er Olweusarskóli og leitast við að vinna fyrirbyggjandi starf gegn einelti. Verkefnavinnu og bekkjafundum með nemendum er ætlað að gera þá meðvitaða um mikilvægi heilbrigðra samskipta. Forvarnarstarf tengt vímuefnum er hluti af lífsleikni og er aðallega í höndum umsjónarkennara og skólahjúkrunarfræðings. Ýmis forvarnarverkefni sem kveðið er á um í aðalnámskrá og flokkast undir lífsleikni eru unnin í samvinnu umsjónarkennara og skólahjúkrunarfræðings.

### Eineltisáætlun

Olweusaráætlunin gegn einelti byggir á kenningum prófessors Dan Olweus sem starfar við háskólann í Bergen. Olweus hefur rannsakað einelti s.l. 30 ár og er einn fremsti fræðimaður í heiminum á því sviði. Vopnafjarðarskóli er einn af mörgum grunnskólum á Íslandi sem tekur þátt í Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Allt starfsfólk skólans tekur þátt. Helstu markmið Olweusaráætlunar eru að draga úr tækifærum til eineltis og skapa þannig andrúmsloft og hugsunarhátt að einelti eigi sér ekki stað. Áætlunin byggist fremur á fáum meginreglum sem hafa verið staðfestar, með vísindalegum rannsóknum, að skili árangri gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Áætlunin miðar að því að endurbæta félagslegt umhverfi í skólanum og skapa skólaumhverfi, helst líka heima fyrir, sem einkennist af jákvæðum áhuga og alúð hinna fullorðnu. Byggir á ákveðnum vinnurömmum vegna óviðunandi hegðunar, stefnufastri beitingu neikvæðra afleiðinga, viðurlaga, brjóti nemandi gegn þeim reglum sem ákveðnar hafa verið.

### Viðbrögð við einelti

Foreldrar eru beðnir um að fara gætilega varðandi umræður um skólann, starfsfólk skólans og nemendur. Ef eitthvað er athugunarvert eiga forráðmenn endilega að tala við umsjónarkennara eða skólastjórnendur. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara eða skólastjórnendur hafi þeir grunsemdir um að samskipti í skólanum og utan skólans séu ekki eðlileg. Þar má nefna stríðni, einelti, lítinn félagsskap eða vera skilinn út undan. Ef skólinn fær upplýsingar um þetta strax er hægt að taka á málinu áður en það gengur of langt. Einelti má ekki líðast og því mikilvægt að á því sé tekið strax og með festu. Í skóla á stærð við okkar á að vera hægt að ná langt með samstilltu átaki. Um meðferð eineltismála er greint hér á eftir.

#### Hvað er einelti

Einelti er þegar einstaklingur verður fyrir endurteknu andlegu og líkamlegu ofbeldi. Í sambandi við andlegt ofbeldi má nefna særandi athugasemdir við og um einstakling. Einelti er einnig þegar einhver er skilinn útundan, er félagslega einangraður. Allir starfsmenn eru vel meðvitaðir um einelti og fylgjast vel með jafnt í kennslustundum sem utan kennslustunda. Fylgst er grannt með samskiptum nemenda og umsjónarkennarar látnir vita og skráð ef grunur um einelti kemur upp. Þá er einnig kannað með tengslakönnun og/eða annars konar könnun um líðan nemenda.

## **Að vinna gegn einelti**

Viðtöl við þolendur. Viðtöl við gerendur ef þeir eru þekktir. Viðtöl við foreldra þolenda. Heimild fengin hjá foreldrum þolenda til að ræða við foreldra gerenda um viðkomandi barn. Komið á fundi með foreldrum barnanna sem að málinu koma. Talað við bekk viðkomandi til upplýsingar og/eða stuðnings. Fylgst náið með þolanda með eftirliti og stuðningsviðtölum. Einnig er fylgst með geranda. Þeir sem vinna í eineltismáli eru umsjónarkennari, sérkennari, skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur og sálfræðingur ef þurfa þykir. Mismunandi getur verið hvaða aðilar koma að hverju máli.

## **Viðbrögð við óveðri**

Þegar veðurspár gefa til kynna að óveður sé í aðsigi eru gefnar út viðvaranir til almennings. Ákveðið er snemma að morgni ef skólahald er fellt niður vegna óveðurs og er það tilkynnt í tölvupósti eða í fjölmiðlum og á heimasíðu skólans. Þá getur ófærð og veður verið mismunandi eftir leiðum skólabíla og ákveða bílstjórar í samráði við foreldra og skólastjóra hvort akstur á þeirri leið bíði fram eftir morgni eða sé felldur niður þann dag. Haft er samband við foreldra eða forráðamenn ef sækja þarf nemendur vegna óveðurs í lok skóladags.

## **Mannréttindi**

Í Vopnafjarðarskóla leitast fólk við að starfa í anda mannréttinda. Samkvæmt nýrri Aðalnámskrá er áhersla lögð á virðingu fyrir einstaklingnum og sérkennum hvers og eins. Þá leggjum við áherslu á að nemendur og starfsmenn komi fram af virðingu gagnvart sjálfum sér og öðrum og geti ávallt komið skoðunum sínum á framfæri.

## **Eldvarnar- og rýmingaráætlun**

Þegar brunakerfi skólans fer í gang á kennari að vera tilbúinn að bregðast rétt við. Hann gefur nemendum strax skýr fyrirmæli um hvað beri að gera. Ef kerfið stoppar áður en mínúta er liðin á ekki að fara út. Kennari metur hvort nemendur fara í skó og yfirhafnir (á æfingum gera þeir það) en þeir eiga ekki að taka neitt annað með sér. Nauðsynlegt er að kennari hafi bekkjarlista og taki hann með út. Brunaæfing með þátttöku allra nemenda og starfsmanna skólans, fer fram einu sinni á skólaárinu í samvinnu við Brunavarnir Austurlands. Reglulega þarf að endurskoða eldvarnar- og rýmingaráætlun skólans í samvinnu við eldvarnareftirlitið. Allir verða að vita hvar á skólalóðinni bekkirnir eiga að safnast saman.

## **Viðbragðsáætlun almannavarna**

Viðbragðsáætlun Vopnafjarðarskóla er sú sama og áætlun Almannavarna vegna heimsfaraldursinflúensu. Markmið viðbragðsáætlana eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólastofnana sem og starfsmanna þeirra þegar tilinflúensufaraldurs kemur. Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997.

## Viðbragðsáætlun vegna sjúkdóma

Viðbragðsáætlun vegna sjúkdóma sem upp koma er unnin í samráði við Heilbrigðisstofnun Austurlands. Markmið viðbragðsáætlana eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð skólans og starfsmanna þeirra ef til faraldurs kemur. Áætlunin er þá kynnt starfsmönnum skólans og ábyrgðarmaður hennar er skólastjóri. Áætlunin er kynnt í tölvupósti til foreldra og á heimasíðu skólans.

## Slys og veikindi

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing ef ástæða þykir til. Einnig skal tekið fram að alltaf er haft samband við foreldra/forráðamenn ef um vanlíðan er að ræða eða eitthvað virðist athugavert hjá barni sem ekki var vitað um áður svo og ef slys eða óvænt óhöpp verða á skólatíma.

## Starfsfólk skólans 2023 - 2024

### Nöfn

Anna Krystyna Kamienska	skólaliði
Ásta Hanna Gunnsteinsdóttir	námsráðgjafi/kennari
Baldur Hallgrímsson	smíðakennari/húsvörður
Baldvin Eyjólfsson	tónmenntakennari
Berglind Ósk Wium	umsjónarkennari
Berglind Wium Árnadóttir	leiðbeinandi/umsjónarkennari
Erla Sveinsdóttir	stuðningsfulltrúi
Ewelina Sandra Bluszko	skólaliði
Geir Þóroddsson	skólaliði
Hafdís Bára Óskarsdóttir	iðjupjálfi
Ingibjörg Ásta Jakobsdóttir	umsjónarkennari
Jenny Heiða Hallgrímsdóttir	stuðningsfulltrúi
Jón Haraldsson	grunnskólakennari
Margrét Gunnarsdóttir	bókasafnsvörður
María Guðmundsdóttir	umsjónarkennari
Montserrat Arlette Moreno	stuðningsfulltrúi
Petra Sif Björnsdóttir	umsjónarkennari
Sigríður Elva Konráðsdóttir	skólastjóri
Silvía Björk Kristjánsdóttir	umsjónarkennari
Sólrún Dögg Baldursdóttir	umsjónarkennari
Svava Birna Stefánsdóttir	aðstoðarskólastjóri
Sölvi Flosason	leiðbeinandi/umsjónarkennari
Urður Steinunn Sahr Önnudóttir	leiðbeinandi



### **Skólabílstjórar:**

Einar Björn Kristbergsson, Jóhann Lúther Einarsson, Heiðar Kristbergsson, Svanur Arthúrssón og Ingvar Björgvin Edvardsson.

### **Trúnaðarmenn**

Trúnaðarmaður kennara er Berglind Ósk Wíium, kosinn af kennurum. Trúnaðarmaður annarra starfsmanna, félagsmanna í starfsgreinafélaginu Afli, er Jóna Benedikta Júlíusdóttir. Öryggistrúnaðarmaður er Baldur Hallgrímsson og öryggisvörður Sigríður Elva Konráðsdóttir. Fulltrúar frá heilbrigðiseftirliti, vinnueftirliti og brunaeftirliti mæta reglulega í skólann, skoða aðstæður og fara yfir öryggisatriði.

### **Verksvið starfsmanna**

Skólastjóri er forstöðumaður skólans, stjórnar honum og ber ábyrgð á starfi hans gagnvart sveitarstjórn. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra ásamt deildarstjóra sérkennslu. Umsjónarkennarar kenna sínum bekk, fylgjast náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð. Þeir stuðla að góðu samstarfi skóla og heimila jafnframt því að vera tengiliðir við sérgreinakennara, sérfræðinga og foreldra/forráðamanna varðandi málefni nemenda. Umsjónarkennarar boða til fundar með nemanda og foreldrum/forráðamönnum þeirra a.m.k. tvisvar sinnum á skólaárinu þar sem framvinda námsins, líðan og almenn velferð nemandans er til umræðu.

Kennarar hafa viðtalstíma einu sinni í viku.

Verksvið sérgreinakennara, sérkennara, stuðningsfulltrúa og skólaliða er samkvæmt starfslýsingu viðkomandi en áhersla er lögð á virðingu, ábyrgð og vellíðan alls starfsfólks.

### **Starfsþróunaráætlun**

Í grunnskólalögum er kveðið á um að hver skóli móti sér áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks skuli háttað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur og stefnu skólans og aðalnámskrá. Skólabjónusta Múlaþings býður skólum í Múlaþingi og Vopnafirði upp á námskeið sem tengjast sameiginlegu þróunarstarfi sem unnið er meðal skóla á svæðinu auk annarra gagnlegra námskeiða og miðast símenntun skólans mikið við það. Símenntun starfsmanna skiptist í þætti sem eru nauðsynlegir fyrir þróun skólastarfsins í heild og hins vegar þætti sem starfsmaður telur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að vaxa og þróast í starfi. Styttri námskeið, kynningar, fyrirlestrar og náið samstarf kennara innan skólans er stór liður í símenntun skólans. Stjórnendur og starfsmenn eru hvattir til að tengja saman formlega og óformlega fræðslu til að þróast í starfi og styrkja færni sína. Gert er ráð fyrir að símenntun sé í stöðugri endurnýjun og geti breyst eftir aðstæðum.

### **Móttaka nýrra starfsmanna**

Skólastjóri ræður nýja starfsmenn og kynnir þeim kjör þeirra, réttindi og skyldur. Starfsmaður er kynntur fyrir öðrum starfsmönnum og boðinn velkominn á fyrsta fundi. Hann fær afhenta

lykla og netfang, farið er yfir stefnu skólans og sérkenni, starfssvið, húsakynni, tölvukerfi, öryggiskerfi o.fl. Allir nýir starfsmenn skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu.

## Starfsmannastefna

Stefna Vopnafjarðarskóla er að öllum líði vel og það ríki almenn starfsánægja meðal starfsmanna, að þeir komi fram við aðra starfsmenn og nemendur eins og þeir vilja að komið sé fram við þá. Til að svo megi verða þurfa starfsmenn að sýna hver öðrum umburðarlyndi og tillitssemi og hafa jákvæðni að leiðarljósi dag hvern. Að það séu góð samskipti milli starfsmanna og nemenda, að við skólann starfi hæfir og jákvæðir starfsmenn sem eru stoltir af skólanum sínum þar sem kjörorð þeirra eru ábyrgð, fagmennska, frumkvæði og sveigjanleiki.

## Skólastjórn

Skólastjóri: Sigríður Elva Konráðsdóttir, sirra@vopnaskoli.is

Aðstoðarskólastjóri: Svava Birna Stefánsdóttir, svavabirna@vopnaskoli.is

Umsjónarkennarar:

- |                 |   |
|-----------------|---|
| 1. bekkur       | Silvía Björk Kristjánsdóttir                        |
| 2. - 5. bekkur  | María Guðmundsdóttir og Berglind Wíium Árnadóttir   |
| 6. og 7. bekkur | Berglind Ósk Wíium Bárðardóttir og Sölvi Flosason   |
| 8. - 10. bekkur | Petra Sif Björnsdóttir og Sólrún Dögg Baldursdóttir |
| Húsvörður:      | Baldur Hallgrímsson                                 |

## Skólaráð Vopnafjarðarskóla

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Fræðslunefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa nærsamfélagsins til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Í skólaráði auk skólastóra sitja:

Fulltrúar kennara: Petra Sif Björnsdóttir og Jón Haraldsson.

Fulltrúi annars starfsfólks: Sölvi Flosason

Fulltrúar foreldrafélagsins: Sandra Konráðsdóttir og Þuríður Björg Wíium Árnadóttir  
Fulltrúar nemenda: Freyr Þorsteinsson í 9. bekk og Ásdís Fjóra Víglundsdóttir í 10. bekk  
Fulltrúi úr nærsamfélaginu: Sara Jenkins.

## Stefna skólans

Skólinn byggir á traustum grunni þar sem virðing, ábyrgð og vellíðan eru einkunnarorð og leiðarljós. Í daglegu starfi er leitast við að endurspegla menntun til sjálfbærni þar sem fléttað er saman inntaki námsins og fjölbreyttum kennsluháttum sem taka mið af ólíkum einstaklingum.

### Sýn

Skólinn er hefðbundinn að því leyti að hann byggir á bekkjakerfi þar sem bekkur eða samkennsluhópur er heimavettvangur nemandans. Skólhverfið er rótgróið og ekki mikil hreyfing á búsetu fólks. Þar sem árgangar eru fámennir er mikil samkensla árganga sem ræðst af fjölda nemenda, námsgreina og faglegu mati skólastjórnenda. Mikil áhersla er lögð á einstaklinginn og að hver og einn er sérstakur. Starfsmenn og nemendur skólans, þekking þeirra og hæfni, eru megin auðlind skólans. Hana skapa þeir með virðingu, ábyrgð og vellíðan. Kennarar hafa frumkvæði við val á kennsluaðferðum og námsefni.

### Einkunnarorð

Megingildin, virðing, ábyrgð og vellíðan eiga að endurspegla daglegt starf Vopnafjarðarskóla.

### Skóli án aðgreiningar

Vopnafjarðarskóli starfar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Allir nemendur eiga jafnan rétt til náms og þroska og að fá sem bestan stuðning og aðbúnað til að ná árangri og líða vel. Í daglegu skólastarfi er leitast við að koma til móts við þarfir hvers og eins óháð námslegri getu eða félagsfærni. Hlutverk Vopnafjarðarskóla er að koma til móts við þarfir hvers nemanda og veita honum tækifæri til að móta viðhorf og tilfinningar og auka færni sína og hæfni til að taka þátt í og hafa áhrif í samfélaginu. Í daglegu skólastarfi er reynt að efla félagsfærni hvers nemanda og gefa honum tækifæri til að læra og þroskast. Þetta er gert með því að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti, námsvænar aðstæður, gott umhverfi og að hlúa að menningarlegu skólasamfélagi þar sem virðing, ábyrgð og vellíðan ríkir.

### Samstarfsaðilar

#### Tónlistarskólinn

Samstarf skólanna er með ýmsum hætti. Nemendur skólans geta farið úr kennslustundum í tónlistartíma. Aðrir tónlistartímar eru í beinu framhaldi af starfi grunnskólans. Þá er við það miðað að nemendur úr sveitinni og yngri nemendur geti lokið sínu tónlistarnámi fyrir kl. 15:00 þegar keyrt er í sveitina og gæslu lýkur. Söngstund er reglulega og skólastjóri

Tónlistarskólans spilar undir sönginn. Mikil samnýting er á tónmenntastofu sem er hluti af sal skólans og einnig er salur skólans nýttur til tónleika fyrir Tónlistarskólann.

### **Leikskólinn Brekkubær**

Markmið með samstarfinu

Að formlegt samstarf sé á milli skólanna.

Að nemendur leikskóla komi eins vel búnir undir grunnskólanámið og frekast er unnt.

Að halda við tengslum yngstu nemenda grunnskólans við leikskólann.

Heimsóknir leikskólanemenda eru með ákveðnum hætti og gagnkvæmar í 1. bekk. Tenging er milli námsefnis og fræðslu í leikskóla og grunnskóla. Agi og reglur eru kynntar og samræmdar eins og mögulegt og raunhæft er.

### **Ungmennafélagið Einherji**

Samstarf er við Ungmennafélagið Einherja. Reynt er að hafa íþróttæfingar yngri nemenda strax eftir að skóladegi lýkur þannig að nemendur þurfa ekki að fara heim áður en æfingar hefjast. Þannig er reynt að hafa starfið samfellt. Skipulagning æfinga fram að fyrsta skólaakstri er þannig að reynt er að fella þær sem best að starfi skólans.

## **Skólaþróun**

Mikilvægt er að daglegt skólastarf, bæði formlegt og óformlegt, endurspegli menntun til sjálfbærni gegnum þekkingaröflun og þjálfun, viðhorf og gildi. Starf kennara einkennist af fagmennsku, ábyrgð og fjölbreyttum kennsluháttum. Þeir hafa yfirsýn yfir nám nemenda og geta tengt saman námsgreinar í heildstæð verkefni þar sem skapast víður skilningur á viðfangsefnunum. Áhersla er lögð á að nemendum standi til boða verkefni sem hafa inntak og merkingu sem tengja má út fyrir skólann. Í daglegu starfi er árangur og virkni nemenda, jákvæðni og umhverfisvitund, hollusta og hreyfing höfð að leiðarljósi. Stefna skólans er að fylgjast með nýjungum, tileinka sér þær sem þykja góðar en jafnframt að halda í það sem gamalt er og gefst vel. Haustið 2011 fór skólinn námsferð til Minneapolis í Bandaríkjunum til að kynna sér uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar.

## **Umhverfisstefna**

Meginmarkmið skólans eru að efla umhverfisvitund nemenda og starfsfólks. Í því felst meðal annars að hvetja til góðrar umgengni í skólanum og nánasta umhverfi hans. Sorp er flokkað og reynt að spara orku. Stefnt er að mörkun umhverfisstefnu skólans í víðtækum skilningi, þar sem unnið verður í takt við þá umræðu sem á sér stað í heiminum.

## **Heilsueflandi skóli**

Vopnafjarðarskóli er þátttakandi í verkefninu heilsueflandi grunnskólar. Landlæknisembættið heldur utan um verkefnið en það hófst hér vorið 2011. Í Aðalnámskrá grunnskóla er gengið út frá sex grunnþáttum og er heilbrigði og velferð einn af þeim þáttum. Heilsufar og menntun eru nátengd fyrirbæri. Heilsa nemenda ræður miklu um hvernig nemendum gengur í námi. Skólinn er því kjörinn vettvangur til að hvetja til heilsueflingar og heilbrigðra lífnaðarháttá meðal barna á skólaaldri. Á þessu skeiði ævinnar læra þau um holla lífshætti,

öðlast margvíslega þekkingu og temja sér lifnaðarhætti sem hafa áhrif síðar á ævinni. Skólinn leggur mikla áherslu á útvíst og hreyfingu. Þá er lögð áhersla á hollt nesti og hollan hádegismat.

Í vetur verður haldið áfram að innleiða Jákvæðan aga í skólanum og stefnt að foreldranámskeiði í september.

## **Einstaklings og hópamiðað nám**

Hlutverk Vopnafjarðarskóla er að koma til móts við þarfir hvers nemanda og veita honum tækifæri til að móta viðhorf og tilfinningar og auka færni sína og hæfni til að taka þátt í og hafa áhrif í samfélaginu. Í daglegu skólastarfi er reynt að efla félagsfærni hvers nemanda og gefa honum tækifæri til að læra og þroskast. Þetta er gert með því að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti, námsvænar aðstæður og umhverfi sem nemendum líður vel í.

## **Sjálfsmatsáætlun**

Mat á skólastarfi byggir á tvenns konar rökum. Annars vegar er hvatinn utanaðkomandi, þ.e. lagaboð stjórnvalda og hins vegar kemur hvatinn innan frá þ.e. löngunin til að byggja upp betra, markvissara og skilvirkara skólastarf og stuðla að ánægju og vellíðan þeirra sem að því koma. Skólastarf þarf að vera í sífelldri endurskoðun og nauðsynlegt að allt skólasamfélagið sé þátttakandi í því. Þá eru góð og tíð samskipti við foreldra í viðtölum og með ýmsum hætti nauðsynleg til að bæta skólastarfið. Formlegt sjálfsmat er undir stjórn sjálfsmatshóps, unnið í minni hópum kennara og starfsfólks.

Sjálfsmatsáætlun er unnin í upphafi skólaárs og samþykkt af kennurum.

Út frá niðurstöðum sjálfsmats er unnin umbótaáætlun sem stuðlar að því að laga það sem aflaga hefur þótt fara samkvæmt niðurstöðum sjálfsmatsins.

## **Viðburðir og hefðir**

### **Bekkjarkvöld**

Bekkjarskemmtanir eru einu sinni á önn í öllum bekkjum og foreldrum boðið á a.m.k. annað bekkjarkvöldið.

### **Söngstund**

Söngstund er haldin reglulega og fyrir jólin er leikskólanum Brekkubæ boðið að taka þátt. Söngstund hefur verið þannig að nemendur safnast saman til samsöngs á sal skólans. Skólastjórnendur hafa séð um stjórnina ásamt skólastjóra Tónlistarskólans sem sér um undirspil. Söngtextar eru valdir út frá tímabilum ársins eins og jóla- og áramótalög, þorralög og vorlög.

## Litlu jólin

Jólaskemmtun eða litlu jólin eru síðasta skóladag fyrir jól þar sem hver bekkur fer í stofu með sínum kennara, lesið er jólaguðspjallið og jólasaga. Á eftir koma allir saman þar sem hver bekkur sér um eitt skemmtiatriði og síðan er gengið í kringum jólatré og jólasveinar koma í heimsókn. Þegar þessu er lokið fara nemendur í jólafrí.

## Þorablót

Þorablót skólans er árlega með sameiginlegu borðhaldi og skemmtiatriðum. Blótið er fyrir 6. - 10. bekk og starfsmenn skólans. Starfsfólk og elstu nemendur stilla upp í sal og skreyta salinn. Einn kennari er fenginn til að hjálpa nemendum í 10. bekk með skemmtiatriði sem þeir sjá alfarið um. Nemendur í 9. bekk sjá um myndskreytingar í gamansömum tón. Nemendur í 8. bekk þjóna til borðs og foreldrar 9. bekinga sjá um matseld og frágang í eldhúsi. Daginn eftir er haldið þorablót yngri nemenda með þorramat, fjöldasöng og öllu tilheyrandi og sjá umsjónarkennarar og fleiri um það.

## Árshátíð

Árshátíð skólans er í næst síðustu vikunni fyrir páskafrí. Mikill metnaður er lagður í árshátíðina og er hún mjög vel sótt af íbúum sveitarfélagsins. Má með sanni segja að þetta sé fjölmennasta menningarsamkoman í byggðarlaginu. Um er að ræða skemmtun á sviði og eru tvær skemmtanir sama daginn, dagskemmtun og kvöldskemmtun. Allir bekkir eru með skemmtiatriði auk þess sem elstu nemendurnir sýna lengra stykki eða hluta úr leikhúsverki. Kaffisala með veisluhlaðborði og samlokusala er í hléi. Þá eru seldir happdrættismiðar og vinningar tilkynntir í lok kvöldskemmtunar.

Meginmarkmið árshátíðarinnar er að þjálfa nemendur í framkomu og hegðun á hátíðum sem þessum og að allir nemendur skólans fái reynslu af undirbúningi og framkvæmd slíkrar menningarsamkomu. Selt er inn á hátíðina og innkoman rennur í ferðasjóð skólans sem er notaður til ýmissa náms- og skemmtiferða nemenda út fyrir byggðarlagið. Skólinn stendur undir öllum kostnaði við hátíðina; vinnulaunum, húsaleigu og öðru. Þá hefur skólinn notið góðvildar fyrirtækja í byggðarlaginu sem hafa styrkt hátíðina með fjárframlagi og happdrættisvinningum.

## Ferðalög

Hefð er fyrir nokkrum skemmtiferðum á skólaárinu.

Fjarðaball er árlegur dansleikur fyrir nemendur á Austurlandi í 8. - 10. bekk.

Íþróttamót á Laugum í Reykjadal er fyrir 7. – 10. bekk.

Árlega eða annað hvert ár er farið með 9. - 10. bekk í skíðaferðalag.

Skólahreysti er haldin á Akureyri og hefur skólinn verið þátttakandi og stefnir að því áfram. Þangað fara þeir elstu bekkirnir.

Þá tekur skólinn þátt í Stóru upplestrarkeppninni.

Á hverju vori er farið í útskriftarferð með 10. bekk. Farið er í innanlandsferð.

Nemendur og foreldrar safna fyrir ferðinni með ýmiss konar fjáröflun.

## Vordagar og Unicef dagur

Í maímánuði er haldinn svokallaður Unicefdagur þar sem nemendur safna áheitum fyrir hreyfingu og renna peningarnir til Unicef. Unicefdagurinn er annar af tveim vordögum sem eru 29. og 30. maí. Hinn vordagurinn er skipulagðar af umsjónarkennurum og eru farnar bekkjarferðir innansveitar.

## Ólympíuhlaup ÍSÍ

Stefnt er að þátttöku í Ólympíuhlaupi ÍSÍ. Hlaupið er misjafnlega langt og velja nemendur sér vegalengd.

## Hagnýtar upplýsingar um skólahald

Vopnafjarðarskóli Lónabraut 12 er opinn kl. 7:50 - 15:30 alla skóladaga.

Símanúmer skólans er 4703250. Heimasíða skólans er [vopnaskoli.is](http://vopnaskoli.is).

Netfang skólans er [vopnaskoli@vopnaskoli.is](mailto:vopnaskoli@vopnaskoli.is) eða [sirra@vopnaskoli.is](mailto:sirra@vopnaskoli.is)

## Morgunopnun og frístund

Alla venjulega skóladaga er boðið upp á frístund kl. 7:50 fyrir nemendur í 1.-4. bekk og fram að kennslustund kl. 8:30.

Einnig er boðið er upp á frístund fyrir nemendur í 1. - 4. bekk eftir kennslu til kl. 15:30 nema á mánudögum til kl. 14:30.

Skólinn opnar kl. 8.15 fyrir eldri nemendur og þá sem eru ekki í frístund.

## Forföll nemenda

Nemendur koma að sjálfsgöðu ekki veikir í skólann. Ef þeir þurfa að vera inni í frímínútum eiga þeir að koma með skriflega beiðni að heiman. Slík beiðni getur gilt í einn til tvo daga. Foreldrar verða látnir vita ef barn veikist og þarf að fara heim. Foreldrar eru beðnir að láta ávallt vita um veikindi nemenda sem fyrst símleiðis, með tölvupósti eða skriflega, með undirskrift, ef nemandi á að sleppa íþróttum eða útvíst. Hringt er heim til nemenda sem fyrst eftir að skóladagur hefst ef þeir eru ekki mættir og engin tilkynning hefur borist um forföll. Ef enginn svarar í síma á heimilinu þarf að vera hægt að ná í foreldra í vinnusíma eða farsíma. Ef nemandi þarf að fá leyfi ræða foreldrar við umsjónarkennara um einn til tvo daga. Leyfi í 3 daga eða lengur þarf að sækja um skriflega til skólastjórnenda. Foreldrar eru hvattir til að stilla leyfisbeiðnum í hóf þar sem margra daga missir úr skóla hefur sitt að segja. Í grunnskólalögum segir að heimilt sé að veita slík leyfi með því skilyrði að forráðamenn sjái til þess að nemandinn læri það sem hann missir úr námi og að það sé gert á meðan á leyfinu stendur. Annars vísast til skólareglna. Leyfi sem er lengra en ein vika er litið á sem tímabundna undanþágu frá skólasókn. Í slíkum tilfellum hefur foreldri/forráðamaður samband við umsjónarkennara sem fer yfir námsáætlun nemandans í leyfinu. Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna meðan leyfið gildir.

## Breytingar á högum nemenda

Mikilvægt er að skólinn fái vitneskju um allar þær breytingar sem kunna að verða á högum nemandans svo sem alvarleg veikindi, andlát eða annað sem hefur áhrif á líðan og hegðun nemandans.

## Forfallakennsla

Forföll kennara eru leyst með því að aðrir kennarar skólans eða skólustjórnendur taka við kennslunni að ákveðnu marki. Stefnan er að forföll séu leyst í lang flestum tilfellum og alltaf hjá yngstu nemendum.

## Mötuneyti

Öllum nemendum skólans er boðið upp á ávexti- og mjólkuráskrift í nestistíma og heitur matur er í hádeginu. Mataráskriftin er bindandi fyrir hvern mánuð. Matseðill mánaðarins er birtur á heimasíðu skólans í byrjun hvers mánaðar með fyrirvara um breytingar. Þeir nemendur sem hafa með sér nesti sitja til borðs í matsalnum með hinum nemendum.

## Bókasafn

Hlutverk skólasafnsins er að vinna að þeim markmiðum grunnskólans að veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og stuðla að fjölbreyttu og skapandi starfi. Starf á skólasafni þarf að henta öllum nemendum skólans, jafnt þeim yngstu sem þeim elstu og tengjast kennslu í sem flestum námsgreinum. Afar mikilvægt er að nemendur öðlist færni í að afla sér upplýsinga úr ýmsum miðlum og ekki síður að lesa úr þeim. Skólasafn sem gegnir lykilhlutverki í námi og kennslu ýtir undir frumkvæði og verður eitt af megin hjálpartækjum í starfi. Lestur og lestrarhvatning er afar mikilvægur þáttur í starfi skólasafnsins. Markmiðið er að gera nemendur okkar að áhugasömum lesendum jafnt á skáldrit sem fræðiefni. Skólasafnið er sameinað almenningssafninu og bætir það mikið úrval bóka sem nemendur og starfsfólk skólans hafa aðgang að. Auk bóka eru til útláns myndbönd, tímarit og hljóðbækur. Á skólasafninu gilda sérstakar reglur þar sem ætlast er til að friður og ró ríki.

## Tölvubúnaður

Allir nemendur í 8. - 10. bekk eru með Chrome tölvur til eigin nota í skólanum. Einnig er til töluvert magn af fartölvum, Chrome tölvum og spjaldtölvum sem nemendur hafa aðgang að.

## Sundkennsla

Sundkennsla fer fram í Selárlaug í námskeiðsformi að hausti og vori. Sundkennsla kemur í stað annarra kennslustunda þegar hún er og auk þess fara um 30 mínútur í ferðir að og frá lauginni sem er 12 km. frá þorpinu. Brýnt er fyrir nemendum að klæða sig hlýlega og hafa höfuðfat í sundferðum. Sundkennsla fellur niður þegar frost er 6 stig eða meira.



## Íþróttakennsla

Íþróttir eru kenndar í íþróttahúsinu, þrisvar sinnum í viku og auk þess sem reynt er að bjóða upp á val í íþróttum. Reynt er að bjóða nemendum með slakan hreyfingroska upp á aðra kennslu í íþróttum.

## Mentor og tölvusamskipti

Heimasíða skólans er [www.vopnaskoli.is](http://www.vopnaskoli.is) Þar eru upplýsingar og fréttir af skólastarfinu. Mentor.is er heimasíða/forrit sem er sérstaklega hönnuð fyrir grunnskóla. Foreldrar og nemendur fá lykilorð inn á síðuna og geta fylgst með framgangi námsins, námskrám, heimanámi og fl. Foreldrar fá sendan tölvupóst og skilaboð í síma í gegnum mentor.is varðandi það helsta sem er á döfinni en einnig skrifa skólastjórnendur og umsjónarkennarar fréttir inn á mentor. Netfang skólans er [sirra@vopnaskoli.is](mailto:sirra@vopnaskoli.is) og [vopnaskoli@vopnaskoli.is](mailto:vopnaskoli@vopnaskoli.is) en einnig hafa allir kennarar og starfsmenn netföng. Listi yfir netföng kennara er á heimasíðunni og í mentor. Þá er síða á facebook fyrir starfsfólk og foreldra.

## Skólaakstur

Nemendur sem búa í sveitinni eru í skólaakstri og er mismundandi hvenær þeir þurfa að leggja af stað að heiman og hversu lengi þeir eru í bílunum. Heimakstur er alla venjulega skóladaga kl. 15:00, nema kl. 14:20 á mánudögum.

## Óskilamunir

Merkja skal skó, yfirhafnir, íþróttafatnað og áhöld barnanna með nafni og símanúmeri. Óskilamunir eru í vörslu húsvarðar.

## Kennslubækur

Námsgögn gegna mikilvægu hlutverki sem leið til að ná námsmarkmiðum. Nemendur fá afhent námsgögn til afnota sér að kostnaðarlausu. Allar bækur sem nemendur fá í skólanum eru því eign skólans. Mikilvægt er að foreldrar brýni fyrir nemendum að fara vel með kennslubækur og sjái til þess að fjölnota bókum sé skilað að skólaári loknu.

## Óveður og ófærð

Fólk leggur misjafnt mat á veðrið og eins getur það breyst á skömmum tíma. Aðstæður fólks við að koma börnunum í skólann eru misjafnar og mikill munur getur verið á veðri innan sveitarfélagsins. Þá hefur ófærð í sveitinni áhrif á skólalald. Reynslan hefur kennt okkur að góð regla sé að ákvörðun um að fella skólalald niður sé tekin af skólastjóra og það tilkynnt í útvarpi og heimasíðu skólans eins fljótt og unnt er.

## Endurgreiðsla vegna slysa og tjóna er nemendur verða fyrir á skólatíma

Vopnafjarðarskóli greiðir reikninga vegna komu nemenda á heilsugæslustöð vegna meiðsla sem orðið hafa í skóla eða á skólalóð á skólatíma og í ferðum/ferðalögum á vegum skóla. Aðeins er um greiðslu fyrir eina komu að ræða.

## Samstarf við foreldra

### Foreldrafélag

Foreldrafélag hefur verið starfandi við Vopnafjarðarskóla um árabíl. Meginmarkmið þess er að vinna að heill og velferð nemenda skólans. Það hefur yfirumsjón með starfi bekkjarfulltrúa. Í hverjum bekk eru kosnir tveir bekkjarfulltrúar, en hlutverk þeirra er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan bekkjarins. Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 setur foreldrafélagið sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð, en tveir fulltrúar foreldra sitja í skólaráði. Eitt af markmiðum Foreldrafélags Vopnafjarðarskóla er að styðja og styrkja gott skólastarf á margvíslegan hátt.

### Samstarf heimilis og skóla

Gott samstarf skóla og heimila er ein af forsendum góðs skólastarfs og vellíðanar nemenda í skólanum. Til að svo megi verða þurfa skólastjórnendur, kennarar og foreldrar að sameinast um að leggja sitt af mörkum, en samkvæmt aðalnámskrá bera foreldrar og forráðamenn frumábyrgð á uppeldi barna sinna. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni skólans og heimilis. Umsjónarkennari er tengiliður skólans við heimilið. Markmið skólans er að móta skýra stefnu um markvissa og vel skilgreinda aðkomu foreldra að námi og starfi barna sinna í skólanum. Svokallaðir hópfundir eru haldnir fyrir foreldra í hverjum árgangi í september. Þar kynna umsjónarkennarar starf vetrarins, farið er yfir hagnýtar upplýsingar og bekkjarfulltrúar kosnir. Þessir fundir eru einnig kjörinn vettvangur fyrir foreldra til að kynnst og ræða mikilvæg mál svo sem útivistartíma, netnotkun, afmæli o.fl. Foreldraviðtöl eru í október og foreldradagur í lok janúar þar sem munnlegur eða skriflegur vitnisburður um námsframvindu, framfarir, líðan o.fl. er til umræðu. Sérstakur kynningarfundur eða viðtöl eru haldinn fyrir foreldra 6 ára barna við upphaf skólaársins. Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann. Þeir geta einnig haft samband við kennara í auglýstum viðtalstíma þeirra eða sent tölvupóst.

Upplýsingar um nemendur eru skráðar í mentor og hafa allir foreldrar og forráðamenn aðgang að heimasvæði nemandans. Hægt er að skrá veikindi þar en fyrst og fremst fá foreldrar tilkynningar og mikilvægar upplýsingar svo sem um heimavinnu, ástundun og hegðun barna sinna í gegnum mentor. Þeir foreldrar sem ekki eru skráðir á póstlista skólans fá orðsendingarnar heim með börnunum. Áriðandi er að foreldrar sendi upplýsingar um breytingar á netföngum og símanúmerum til skólans.

## Heimanám

Í öllum árgöngum er gert ráð fyrir að nemendur vinni einhverja heimavinnu. Nauðsynlegt er að foreldrar fylgist með heimanámi barna sinna og veiti þeim aðhald. Heimanám er fært inn á [mentor.is](http://mentor.is) þar sem foreldrar og nemendur geta fylgst með heimanáminu. Ef foreldrar hafa einhverjar athugasemdir varðandi heimanám er um að gera að hafa samband við umsjónarkennara. Gott samband milli foreldra og kennara er alltaf til góðs.